

Samþykktir og starfsreglur Vísindasjóðs FL/FSL

1. UM SJÓÐINN, MARKMIÐ OG SJÓÐSTJÓRN

1.1 Um sjóðinn

Sjóðurinn heitir Vísindasjóður FL og FSL og er hann starfsþróunarsjóður félagsmanna í Félagi leikskólakennara (FL) og Félagi stjórnenda leikskóla (FSL). Starfsemi sjóðsins byggir á ákvæðum kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) og Kennarasambands Íslands (KÍ) vegna FL/FSL, hér eftir nefndir samningsaðilar. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

1.2 Markmið sjóðsins

Markmið sjóðsins er að auka tækifæri félagsmanna til faglegrar starfsþróunar, rannsókna og þróunarstarfa. Með faglegri starfsþróun er átt við að félagsmenn viðhaldi og efli færni og sérfræðiþekkingu sína á sviði stjórnunar, náms og kennslu í leikskóla. Jafnframt er það markmið sjóðsins að efla námsefnisgerð fyrir leikskólakennslu.

1.3 Stjórn sjóðsins

Stjórn Vísindasjóðs FL/FSL fer með stjórn sjóðsins. Hún skal skipuð fjórum mönnum til fjögurra ára í senn. Tveir skulu skipaðir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn frá Félagi leikskólakennara og einn frá Félagi stjórnenda í leikskóla. Fulltrúar FL/FSL í stjórn sjóðsins skulu fara með formennsku.

Ákvörðun stjórnar telst lögmæt ef meirihluti stjórnarmanna greiðir henni atkvæði. Sjóðstjórn skal rita fundargerðir.

Stjórn sjóðsins kemur að jafnaði saman fyrsta miðvikudag hvers mánaðar.

2. AÐILD AÐ SJÓÐNUM OG RÉTTUR FÉLAGSMANNA

2.1 Aðild að sjóðnum

Aðild að sjóðnum eiga félagsmenn FL/FSL sem greitt er fyrir í sjóðinn á grundvelli kjarasamnings FL/FSL og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

2.2 Réttur til úthlutunar

Rétt til úthlutunar eiga félagsmenn sem greitt er fyrir í sjóðinn.

Heimilt er að sækja um styrk allt að 12 mánuði aftur í tímann frá upphafi styrkhæfs verkefnis að því gefnu að til kostnaðar hafi verið stofnað á meðan greitt var í sjóðinn, sbr. gr. 2.1. Öll tilskilin gögn þurfa að hafa borist innan þess tíma.

2.3 Fæðingarorlof

Félagsmenn sem eru í fæðingarorlofi geta viðhaldið réttindum sínum í sjóðnum enda haldi þeir félagsréttindum sínum í FL/FSL og mánaðarlegt framlag fæðingarorlofssjóðs samkvæmt lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof renni til FL/FSL sem ákvarðar nánar skiptingu gjaldsins til sjóða félagsins.

Samþykktir og starfsreglur Vísindasjóðs FL/FSL

2.4 Launuð leyfi

Félagsmenn sem viðhalda félagsréttindum sínum í FL/FSL njóta óskertra réttinda í launuðum leyfum enda renni mánaðarlegt framlag launagreiðanda til sjóðsins.

2.5 Launalaust leyfi

Félagsmenn sem fara í launalaust leyfi geta viðhaldið réttindum sínum í sjóðnum enda haldi þeir félagsréttindum sínum í FL/FSL.

2.6 Atvinnuleysi

Félagsmenn sem eru atvinnulausir geta viðhaldið réttindum sínum í sjóðnum enda haldi þeir félagsréttindum sínum í FL/FSL og mánaðarlegt framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs renni til FL/FSL sem ákvarðar nánar skiptingu gjaldsins til sjóða félagsins.

2.7 Veikindi

Félagsmenn halda réttindum sínum í sjóðnum fyrir það tímabil sem þeir fá greidda sjúkradagpeninga úr Sjúkrasjóði KÍ.

2.8 Starfslok

Við starfslok félagsmanna fellur réttur til styrks úr sjóðnum niður eftir þrjá mánuði.

3. STYRKHÆF VERKEFNI OG STYRKFJÁRHÆÐ

3.1 Úthlutunarreglur fyrir A deild – Starfsþróun/einstaklingsstyrkur

3.1.1 Úr A deild sjóðsins eru veittir einstaklingsstyrkir auk hópstyrkja vegna starfsþróunar innanlands og utan, s.s. til framhaldsnáms á háskólastigi, skráningar-/skólagjalda, námskeiða, ráðstefna og málþinga. Sækja má um vegna gistikostnaðar í þeim tilfellum sem fjarlægð milli heimilis og námskeiðs/ráðstefnustaðar er a.m.k. 100 km aðra leið.

3.1.2 Á hverjum tveimur árum getur félagsmaður sótt um styrk eða styrki að upphæð 280.000 kr. vegna starfsþróunar. Styrkur skal aldrei vera hærri en sem nemur útlögðum kostnaði vegna náms- og þátttökugjalda, ferða og gistingar.

3.1.3 Ferðakostnaður innanlands er styrktur í þeim tilfellum sem önnur leið frá vinnustað að námskeiðs/ráðstefnustað er a.m.k. 50 km.

Í þeim tilfellum sem ferðakostnaður fellur til vegna notkunar á eigin bifreið er greitt kílómetragjald. Greiðsla kílómetragjalds felur í sér að fylgt er sömu viðmiðum um gjald pr. km og ákvarðað er af Sjúkratryggingum Íslands, þó verði að hámarki greiddar 45.000 kr. Vegna aksturs félagsmanna á höfuðborgarsvæðinu til og frá Keflavíkurflugvelli er greidd föst upphæð kr. 3000 (báðar leiðir). Umsækjandi geri í öllum tilfellum grein fyrir eknum km í umsóknarferli á Mínum síðum. Umsókn um ferðakostnað verður að fylgja með umsókn um námskeið/ráðstefnu þar sem ekki er hægt að sækja um eftirá.

3.1.4 Styrkur til hópferða innanlands er að hámarki 40.000 kr. Líða skulu a.m.k. 2 ár frá því styrkur er veittur þar til mögulega er hægt að sækja um aftur.

Samþykktir og starfsreglur Vísindasjóðs FL/FSL

- 3.1.5** Hámarksstyrkur fyrir hópstyrk erlendis er 140.000 kr. fyrir ferð innan Evrópu en 160.000 kr. fyrir ferð utan Evrópu. Líða skulu a.m.k. 4 ár frá því styrkur er veittur þar til mögulega er hægt að sækja um aftur. Við bætist ferðastyrkur innanlands 15.000 kr. ef fjarlægð frá heimili er meiri en 100 km og 30.000 kr. ef fjarlægð er meiri en 250 km frá flugvelli.
- 3.1.6** Hópstyrkir til félagsmanna sem fara í ferðir innanlands og erlendis eru skipulagðar af leikskólastjóra eða viðkomandi stofnun til kynningar á starfsemi leikskóla eða annara stofnana. Leikskólastjóri eða forstöðumaður stofnunar sækir um fyrir hönd hópsins. Miðað skal við að fagleg dagskrá erlendis standi að jafnaði yfir í a.m.k. einn og hálfan dag og einn dag innanlands. Með umsókn skal skila ítarlegri dagskrá og staðfesting frá skólum/stofnunum sem heimsóttar eru. Til að geta sótt um hópstyrk þarf helmingur félagsmanna á vinnustað í FL/FSL að fara í ferðina.
- 3.1.7** Sjóðstjórn leitast við að úthluta styrkjum eins fljótt og auðið er þegar fullnægjandi gögn hafa borist. Skila þarf reikningi á nafni félagsmanns þar sem fram kemur nám/námskeiðslýsing, nafn og kennitala fræðsluaðila.
- 3.1.8** Á grundvelli framlagðra gagna tekur sjóðsstjórn ákvörðun um hvort og hve háan styrk viðkomandi umsækjandi fær.

3.2 Úthlutunarreglur fyrir B deild - Háskólanám til ECTS eininga

- 3.2.1** Veitir styrk til einstakra félagsmanna til að stunda háskólanám sem nýtist í starfi. Greiðsla miðast við fjölda eininga allt að 120 ECTS einingum. Styrkur er greiddur eftir á, eftir að umsókn með staðfestum einingafjölda er skilað inn. Auk þess er heimilt að greiða ferðakostnað.
- 3.2.2** Vegna náms innanlands er greitt 5.000 kr. fyrir einingu, eftir á. Fyrir fullt nám 120 ECTS getur einstaklingur fengið greitt að hámarki 600.000 kr. á 5 ára tímabili.
- 3.2.3** Greiðsla vegna ferðakostnaðar innanlands vegna náms bætist við 15.000 kr. fyrir önn ef fjarlægð frá námsstað er meira en 100 km en 30.000 kr. á önn ef fjarlægð frá námsstað er meiri en 250 km.
- 3.2.4** Vegna náms erlendis er greitt 7.500 kr. fyrir einingu, eftir á. Fyrir fullt nám 120 ECTS getur einstaklingur fengið greitt að hámarki 900.000 kr. á 5 ára tímabili.
- 3.2.5** Á grundvelli framlagðra gagna tekur sjóðsstjórn ákvörðun um hvort og hve háan styrk viðkomandi umsækjandi fær.

Samþykktir og starfsreglur Vísindasjóðs FL/FSL

3.3 Úthlutunarreglur fyrir C deild - Þróunar- og rannsóknarstörf

- 3.3.1** Veitir félagsmönnum styrk til þróunar- og rannsóknarstarfa, styrkur er útlagður kostnaður styrkþega. Þó ekki skólagjöld né launakostnaður umsækjanda. Veittir eru styrkir til einstakra félagsmanna eða hópa félagsmanna, faghópa og nefnda innan FL og FSL til að halda námskeið eða ráðstefnur fyrir félagsmenn.
- 3.3.2** Styrkur úr C deild er veittur í október. Umsóknarfrestur er til 15. september.
- 3.3.3** Einungis félagsmenn geta sótt um styrki, ekki skólar eða launagreiðendur. Sérstakur ábyrgðarmaður skal vera tengiliður við verkefnið.
- 3.3.4** Sjóðurinn greiðir ekki fæðiskostnað eða kostnað vegna námsgagna og bóka.
- 3.3.5** Við mat á umsóknum geta eftirtalin atriði í staflaðum a - l og tölulíðum 1-8 verið til hliðsjónar við ákvörðun um styrkveitingu:
- Gildi verkefnisins fyrir umsækjendur og skólastarfið.
 - Gildi verkefnis fyrir skólaþróun.
 - Hvort verkefni feli í sér nýbreytni.
 - Rökstudd skipulagning á framkvæmd verksins.

Sjóðsstjórn er heimilt að leita eftir faglegri umsögn utan stjórnar sjóðsins.

Heimilt er að veita styrki vegna:

- Vinnu umsækjenda við verkefni utan daglegs vinnutíma.
- Aðkeyptrar þjónustu í tengslum við verkefnið.
- Ferðakostnaðar samfara verkefni. Ekki eru veittir styrkir vegna fæðis.
- Annars kostnaðar er tengist verkefninu.

Ekki skal veita styrki til:

- tækjakaupa,
- efniskostnaðar (svo sem pappír, prenthylki, notkun síma og internets),
- aukinna stöðugilda,
- meistara- eða doktorsritgerða.

Við upphaf samþykktis verkefnis er greiddur fjórðungur af heildarstyrkfjárhæð. Eftirstöðvar eru greiddar þegar fullunnu verkefni er skilað til stjórnar sjóðsins.

- Með umsókn þarf að fylgja lýsing verkefnis (markmið/framkvæmd).
- Með umsókn þarf að fylgja skýr sundurliðuð kostnaðaráætlun.

Samþykktir og starfsreglur Vísindasjóðs FL/FSL

3. Sjóðsstjórn gerir samning við styrkþega. Á samningi skulu koma fram kennitölur og bankaupplýsingar þeirra sem greiðslur eiga að fá, þ.e. umsækjenda, svo og skipting greiðslna ef umsækjendur eru fleiri en einn.
4. Ábyrgðarmaður verkefnis ber ábyrgð á gerð samnings.
5. Greitt er skv. samningi og launamiðar vegna skattframtals eru gefnir út í samræmi við þær upplýsingar sem fram koma í samningnum.
6. Hafi styrkþegi ekki skilað inn undirrituðum samningi 15. mars árið eftir úthlutun fellur styrkurinn niður. Hafi styrkþegi ekki skilað inn lokaskýrslu 15. mars árið þar á eftir falla ógreiddar eftirstöðvar styrksins niður.
7. Styrkþegar sendi greinargóða skýrslu, ásamt útdrætti (u.þ.b. 1/2 bls.), um verkefnið á tölvutæku formi að því loknu. Í skýrslunni komi m.a. fram markmið, vinnuferli og mat. Skýrslurnar skulu birtar á heimasíðu KÍ.

3.3.6 Á grundvelli framlagðra gagna tekur sjóðsstjórn ákvörðun um hvort og hve háan styrk viðkomandi umsækjandi fær.

3.4 Úthlutunarreglur vegna D deildar - Doktorsnám í leikskólakennarafræðum

3.4.1 Heildarupphæð styrks er 480.000 kr. Styrkur er greiddur í fjórum hlutum og verður eitt ár (365 dagar) að líða milli greiðslna.

3.4.2 Eftirfarandi gögn verða að fylgja umsókn; staðfesting á að styrkþegi stundi doktorsnám í háskóla, gefin út af nemendaskrá viðkomandi skóla. Stutt greinagerð frá styrkþega um námið og rannsókn sem unnið er að. Einnig skal upplýsa um aðra styrki sem styrkþegi nýtur vegna námsins. Stutt greinagerð frá leiðbeinanda styrkþega um framvindu náms.

3.4.3 Fylgiskjöl mega vera 12 mánaða gömul. Ekki er gerð krafa um framvísun reikninga. Umsókn er tekin fyrir á fundi stjórnar sjóðsins, sem tekur ákvörðun um styrkveitingu. Hætti félagsmaður í námi, á hann ekki rétt til að fá eftirstöðvar styrks greiddar.

3.4.4 Á grundvelli framlagðra gagna tekur sjóðsstjórn ákvörðun um hvort og hve háan styrk viðkomandi umsækjandi fær.

4. AFGREIÐSLA UMSÓKNA OG FRAMKVÆMD STYRKVEITINGA

4.1 Umsóknir og fylgigögn

Umsóknum og fylgigögnum, sbr. grein 4.5, skal skila til sjóðsins með rafrænum hætti í gegnum Mínar síður á heimasíðu KÍ.

4.2 Afgreiðsla umsókna

Stjórn sjóðsins afgreiðir umsóknir samkvæmt samþykktum og reglum þessum og í samræmi við ákvarðanir sjóðstjórnar þegar fullnægjandi gögn hafa borist sjóðnum. Stjórn sjóðsins metur vafaatriði er varða styrkhæfi umsókna og eru allar ákvarðanir hennar um afgreiðslu mála endanlegar.

Samþykktir og starfsreglur Vísindasjóðs FL/FSL

Félagsmenn fá tilkynningu þegar umsókn hefur verið afgreidd.

4.3 Frágangur umsókna

Vanda skal frágang umsókna, rökstyðja hvernig styrkurinn nýtist til faglegrar starfsþróunar og auki sérfræðipækkingu félagsmanna á sviði náms og kennslu. Ófullnægjandi umsóknum er hafnað.

4.4 Við mat á umsóknum

Stjórn sjóðsins metur og tekur endanlega ákvörðun ef efasemdir eru um tengsl styrkveitingar við starf félagsmanna sbr. markmið sjóðsins. Rísi upp ágreiningur um tengsl styrkveitingar við starf félagsmanna getur sjóðstjórn óskað eftir staðfestingu frá þar til bærum aðilum.

Ekki eru veittir styrkir til námskeiða sem að mati sjóðsstjórnar falla ekki undir markmið sjóðsins um faglega starfsþróun kennara og stjórnenda sbr. grein 1.2, s.s. vegna tómsundastarfs, líkamsræktar, hugleiðslu og jóga.

4.5 Greiðsla styrkja

Styrkir eru afgreiddir að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 3.

Aldrei eru greiddir hærri styrkir en sem nemur framlögðum reikningum/staðfestingum.

4.6 Tilkynning um greiðslu styrks

Þegar styrkur hefur verið greiddur er afgreiðslan tilkynnt umsækjanda.

4.7 Fyrning styrkveitinga

Réttur til styrks fyrnist berist sjóðnum ekki umbeðin gögn innan 12 mánaða frá upphafi styrkhæfs verkefnis, sbr. gr. 2.2, eða ef verkefni er ekki lokið innan þriggja ára frá því að styrkur er veittur, sbr. gr. 3.2.10.

4.8 Vangreiðsla eða ofgreiðsla styrks

Ef mistök verða í afgreiðslu styrkumsóknar eða greiðslu styrks munu starfsmenn sjóðsins leitast við að leiðrétta mistökin eins fljótt og hægt er. Ef félagsmenn hafa fengið ofgreidda styrkupp hæð ber þeim að tilkynna sjóðnum mistökin og endurgreiða ofgreidda styrkupp hæð þegar í stað.

5. Tekjur sjóðsins

5.1 Framlag vinnuveitanda

Framlag vinnuveitanda til sjóðsins nemur 1,72% af föstum dagvinnulaunum félagsmanna FL/FSL, skv. kjarasamningi FL/FSL og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

5.2 Vaxtatekjur

Sjóðurinn er ávaxtaður á þann hátt sem FL/FSL /KÍ telur hagkvæmast á hverjum tíma.

Samþykktir og starfsreglur Vísindasjóðs FL/FSL

6. Rekstur sjóðsins og endurskoðun

6.1 Tekjum skal varið í samræmi við markmið og rekstur

6.2 Þjónustusamningur

Kí annast rekstur sjóðsins og varðveislu. Gerður er þjónustusamningur á milli stjórnar Vísindasjóðs og KÍ vegna umsýslu sjóðsins.

6.3 Ársreikningur

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Þeir skulu áritaðir af stjórn sjóðsins og birtir opinberlega.

6.4 Upplýsingar til skattfirvalda

Í byrjun árs eru sendar upplýsingar til skattfirvalda þar sem gerð er grein fyrir styrkþegum og styrkuppþæðum liðins árs. Félagsmenn bera ábyrgð á því að varðveita frumrit reiknings vegna þess kostnaðar sem styrkur hefur fengist fyrir og afhenda skattfirvöldum sé þess óskað.

7. Skýrsla og samráðsfundur stjórnar með samningsaðilum

7.1 Samráðsfundur sjóðstjórnar og samningsaðila

Stjórn sjóðsins skal funda fyrir lok apríl ár hvert með fulltrúum samningsaðila þar sem farið er yfir starfsemi og rekstur sjóðsins.

7.2 Skýrsla stjórnar

Stjórn sjóðsins skal leggja fram skýrslu um starfsemi og stöðu sjóðsins á árlegum samráðsfundi.

8. Breytingar á samþykktum og reglum sjóðsins, slit og gildistaka

8.1 Breytingar á samþykktum og reglum um Vísindasjóðs FL/FSL

Tillögur samningsaðila um breytingar á samþykktum og reglum þessum þurfa að hafa borist stjórn sjóðsins til kynningar þremur vikum fyrir árlegan samráðsfund samkvæmt grein 7.1. Tillögur sjóðstjórnar um breytingar á samþykktum og reglum sjóðsins þurfa að hafa borist samningsaðilum minnst tveimur vikum fyrir samráðsfund, sbr. gr. 7.1.

8.1.1 Hafi breytingartillaga áhrif á getu sjóðsins til greiðslu styrkja skal fylgja úttekt á áhrifum breytinganna á gjaldhæfi sjóðsins.

8.1.2 Samningsaðilar taka ákvarðanir um breytingar á samþykktum og reglum þessum að undangenginni kynningu til stjórnar Vísindasjóðs FL/FSL.

8.2 Gildistaka breytinga

Breytingar á samþykktum og reglum þessum taka ekki gildi nema að undangengnu samþykki og staðfestingu stjórnar FL/FSL og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Breytingar sem mælt er með skulu samþykktar af samstarfsnefndum samningsaðila.

8.3 Slit á sjóðnum

Samþykktir og starfsreglur Vísindasjóðs FL/FSL

Ákvörðun um slit á sjóðnum er í höndum félagsmanna og samstarfsnefnda aðila. Til að slíta sjóðnum þarf að lágmarki 75% greiddra atkvæða meðal félagsmanna og samþykki samstarfsnefndar.

8.4 Skipting eigna og ráðstöfun fjármuna við slit á sjóðnum

Að lokinni atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna FL/FSL um slit sjóðsins skal ráðstöfun eigna annarra en fjármuna fara fram með þeim hætti að eignir renna til verkefna eða nýrra sjóða sem kunna að verða stofnaðir á vegum FL/FSL. Eignir færast til að undangengnu verðmati þriðja aðila. Við slit ráðstafar stjórn fjármunum sem til eru í sjóðnum í samræmi við tilgang hans, að teknu tilliti til greiðslu skulda og reksturs, með þeim hætti að fjármunir gangi til félagsmanna eftir nánari ákvörðun sjóðstjórnar þar til sjóðurinn telst að fullu tæmdur.

9. Gildistaka

Samþykktir og reglur þessar taka gildi þann 1. júní 2018 að fenginni staðfestingu samningsaðila.

Samþykkt samhljóða á fundum samstarfsnefnda SNS og KÍ vegna FL/FSL þann 9. maí 2018.